



# Framkvæmda- fréttir 12. tbl. /04



*Pórsörk. Sjá umfjöllun um vegabætur á bls. 3 og kort á bls. 4-5.*

## Auglýsingar útboða

### Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004 04-005

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í efnisvinnslu í 9 námum á Norðurlandi vestra.

Helstu magntölur eru:

Fjöldi náma ..... 9 stk.

Magn samtals ..... 38.000 m<sup>3</sup>

Verki skal að fullu lokið 1. október 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi

#### (Suðursvæði) 2004 04-034

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004“.

Helstu magntölur eru:

Burðarlög ..... 26.000 m<sup>3</sup>

Tvöföld klæðing k2 ..... 83.000 m<sup>2</sup>

Yfirlögn k1 ..... 340.000 m<sup>2</sup>

Verki skal að fullu lokið 15. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Breiðumýri 8 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með þriðjudeginum 4. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 12. tbl. 12. árg. nr. 369 3. maí 2004

Ritstjórn  
og umsjón útgáfu:

**Viktor Arnar  
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:

**Gunnar Gunnarsson**

Prentun: **Gutenberg**

Ósk um áskrift sendist til:

**Vegagerðin  
Framkvæmdafréttir  
Borgartúni 7**

**105 Reykjavík**  
(bréfsími 522 1109)

eða [vai@vegag.is](mailto:vai@vegag.is)

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verkötum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

## Auglýsingar útboða

### Hlíðarfjallsvegur (837) um

#### Hlíðarbraut, hringtorg 04-017

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð tveggja hringtorga á Hlíðarbraut á Akureyri.

Helstu magntölur eru:

|                                |                      |
|--------------------------------|----------------------|
| Fyllingar og fláar             | 2.090 m <sup>3</sup> |
| Skeringar                      | 3.600 m <sup>3</sup> |
| Neðra burðarlag                | 1.060 m <sup>3</sup> |
| Efra burðarlag                 | 800 m <sup>3</sup>   |
| Stungumalbik                   | 6.180 m <sup>2</sup> |
| Hellulögn                      | 460 m <sup>2</sup>   |
| Frágangur svæða við hlið vegar | 2.700 m <sup>2</sup> |

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. maí 2004. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Hjáleið á Reyðarfirði,

#### hringtorg og tengingar 03-080

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð hringtorgs á vegmótum hjáleiðar og Norðfjarðarvegur innan við Reyðarfjörð ásamt 600 m löngum tengingum.

Helstu magntölur eru:

|                         |                       |
|-------------------------|-----------------------|
| Skeringar               | 1.000 m <sup>3</sup>  |
| Fyllingar og fláfleygar | 4.600 m <sup>3</sup>  |
| Neðra burðarlag         | 6.000 m <sup>3</sup>  |
| Efra burðarlag          | 1.300 m <sup>3</sup>  |
| Klæðing                 | 4.600 m <sup>2</sup>  |
| Stungumalbik            | 2.300 m <sup>2</sup>  |
| Hellulögn               | 235 m <sup>2</sup>    |
| Frágangur fláa          | 13.500 m <sup>2</sup> |

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Búðar-eyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. maí 2004.

Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

### Klæðingar á

#### Norðurlandi eystra 2004 04-028

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í verkið „Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004.“ Um er að ræða yfirlögn og viðgerðir með klæðingu.

Helstu magntölur eru:

|              |                        |
|--------------|------------------------|
| Yfirlögn     | 554.000 m <sup>2</sup> |
| Hjólfaralögn | 6.000 m <sup>2</sup>   |
| Smáviðgerðir | 4.000 m <sup>2</sup>   |

Verki skal að fullu lokið 1. september 2004.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Miðhúsa-vegi 1 á Akureyri og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## ÍST30:2003, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir

Hinn 1. september 2003 tók gildi nýr staðall ÍST30:2003, Almennir útboðs- og samningsskilmálar um verkframkvæmdir. Í byrjun árs 2004 tók Vegagerðin nýja staðalinn í notkun og var þá um leið hætt að nota ÍST30:1997 með sérskilmálum Flugmálastjórnar, Siglingastofnunar og Vegagerðarinnar. Gamli staðallinn gildir þó fyrir þau verk sem höfðu verið boðin út samkvæmt honum og er ekki lokið.

Það að taka upp nýjan staðal hefur nokkur áhrif á framsetningu útboðslýsinga Vegagerðarinnar og hafa nýjar leiðbeiningar og reglur við gerð útboðslýsinga verið settar á heimasíðu Vegagerðarinnar. Eins og aðrir opinberir verkkaupar er Vegagerðin bundin af ýmsum lögum og reglugerðum sem ekki endilega gilda fyrir almennan markað. Að nokkru leyti hefur nýi staðallinn tekið mið af þessu, en þó hefur reynt nauðsynlegt að hafa nokkra sérskilmála í útboðum Vegagerðarinnar og eru þeir nú staðlaðir í útboðslýsingu.

Ekki verður hér gerð grein fyrir öllum breytingum sem gerðar voru á ÍST30, en rétt er að vekja athygli bjóðenda á breyttum ákvæðum um skil á tilboðum. Lagðar eru ríkari skyldur á herðar bjóðenda um sönnun á því að tilboð berist réttum aðila á réttum tíma. Sem dæmi um slíkt er að ef tilboð er sent með staðfestu símskeyti þarf að pósthleggja tilboðsgögn a.m.k. einum sólarhring fyrir lok skilafrests. Að öðrum kosti eru tilboð ógild. Af gefnu tilefni er einnig rétt að benda bjóðendum á að merkja tilboðsgögn nafni útboðs, móttakanda og einnig sendanda.

Bjóðendur eru hvattir til að kynna sér vel efni ÍST30:2003 sem er hluti allra útboðsgagna Vegagerðarinnar. Staðallinn er seldur hjá Staðlaráði, en hagræðis fyrir bjóðendur er hann einnig til sölu á öllum svæðis/umræðisskrifstofum Vegagerðarinnar og í móttöku Borgartúni 7, Reykjavík.

Rögvaldur Gunnarsson

### Landgræðsla á

#### Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004 - 2005 04-012

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í landgræðslu og áburðardreifingu á Norðurlandi vestra og á Vestfjörðum árin 2004 og 2005.

Helstu magntölur eru:

|                                 |                          |
|---------------------------------|--------------------------|
| Nýsáning (207 hektarar)         | 2.070.000 m <sup>2</sup> |
| Áburðardreifing: (347 hektarar) | 3.470.000 m <sup>2</sup> |

Verki skal að fullu lokið 1. ágúst 2005.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með mánudeginum 3. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

## Vegur í Þórsmörk

Undanfarnar vikur hefur nokkuð verið fjallað um endurbætur á Þórsmerkuvegi í fjölmiðlum. Umræðan hefur á köflum verið nokkuð tilfinningarík og hugtakið „hraðbraut“ m.a. verið notað frekar óvarlega. Það er því tímabært að hér verði aðeins gerð grein fyrir framtíðarsýn Vegagerðarinnar varðandi þessa leið.

### Núverandi vegur

Umferð í Þórsmörk er mikil á sumrin og langt umfram það sem núverandi vegslóði þolir. Vegagerðin fær margar kvartanir þegar slóðin er leiðinleg og þá er reynt að gera úrbætur sem þó endast yfirleitt skammt. Vatnavextir í lækjum gera vöð iðulega illfær. Vatn situr líka í vegslóðinni, það myndast holur og leiðin verður mjög seinfarin fyrir alla bíla. Í þurri myndast svo þvottabretti sem einnig eru tafsöm og leiðinleg yfirferðar.

Talsverður kostnaður fylgir þessu viðhaldi og hafa farið nálægt 5 m.kr. á ári í þennan lið. Nú er það svo að uppbyggður vegur er auðveldari og ódýrari í viðhaldi og þolir miklu meiri umferð en ruddur slóði. Því vill Vegagerðin byggja þokkalegan fólksbílafæran veg með malarlitlagi inn að Lóni en þaðan er 7-8 km leið í Langadal eða Bása. Á kortinu í næstu opnu má sjá gott yfirlit yfir Þórsmörkursvæðið og aðstæður þar.

### Þórsmörk

Ætlunin er að við vaðið hjá Lóni verði rúmgott bílastæði með upplýsingaskiltum. Þar endar hinn uppbyggði vegur. Innan við Lónið mun Vegagerðin viðhalda núverandi slóða og vöðum yfir Jökulsá, Steinhóltsá og Hvanná. Samkvæmt vegaskrá endar landsvegurinn F249 Þórsmerkurvegur, á bílastæði gegnt Langadal.

Frá áningarstaðnum hjá Lóni á að vera hægt að ganga um alla Mörkina og fara yfir ár á göngubrúum. Ætla má að þetta

geti orðið vinsæll ferðamáti án þess að átroðningur aukist tilfinnanlega á viðkvæmum svæðum. Ef í ljós kemur seinna að svæðið þolir ekki þessa ferðamennsku þá verður sjálfsagt að gera betri göngustíga og girða fyrir viðkvæma bletti. Það verður ákvörðun Skógræktar ríkisins en Þórsmörkin er í hennar umsjón og vörslu. En það getur hins vegar ekki verið aðferð við takmörkun á gestafjölda að aðeins þeir sem eiga stærstu jeppana hafi greiðan aðgang inn á svæðið.

### Framkvæmd

Byrjað var á framkvæmdum við 1. áfanga á árinu 2001 og voru þá byggðir upp 3,2 km frá gömlu Markarfljótsbrúnni. Á árinu 2002 var unnið við 2. áfanga sem var 2,3 km í framhaldi af þeim fyrri. Samtals hefur verið unnið fyrir um 25 m.kr. við endurbyggingu vegarins. Eftir er því að byggja upp u.þ.b. 10 km langan veg inn að Lóni.

### Vegarstæði

Sá kafli sem búið er að byggja upp liggur að mestu á sama stað og eldri vegur en í næsta áfanga liggur valið á milli tveggja kosta. Að fylgja núverandi vegstæði að mestu leiti eða fara með veginn niður á aurar Markarfljóts á um 4 km kafla og koma svo aftur á gamla vegstæðið við Akstaðaá og brúa hana í núverandi vegstæði. Lækir verða settir í ræsi. Nú er verið að bera saman kosti og galla við báðar leiðir og reikna kostnað.

### Fjármögnun framkvæmda


Í vegáætlun 2003-2006 er gert ráð fyrir 18 m.kr. til áframhaldandi framkvæmda á árunum 2005 og 2006.

Viktor Arnar Ingólfsson

Heimild: minnisblað Svans Bjarnasonar  
svæðisstjóra Vegagerðarinnar



Myndin er tekin í júní 1954 í Þórsmörk. Verið var að byggja sæluhús í Langadal og lauk byggingu sama ár. Það er því 50 ára í ár. Húsið var nefnt Skagfjörðsskáli eftir Kristjáni Skagfjörð, framkvæmdastjóra FÍ, en byggt hefur verið við það síðan. Úr safni Jóns Víðis.



Fljótshlíð

Markarfljótsaurar  
Markarfljót

Vegagerð endar,  
áningarstaður



Væntanleg brú  
Lækir verða settir í ræsi



Merkurker

Stórhöfði

EY

1





## Alþjóðaheilbrigðisdagurinn 7. apríl 2004 – Umferðaröryggi

Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization – WHO) hefur tilnefnt 7. apríl ár hvert sem alþjóðlegan heilbrigðisdag. Dagurinn er ætlaður til þess að hvetja til umræðu og fanga athygli almennings á mikilvægum heilbrigðismálum. Kjörorð dagsins í ár var umferðaröryggi og markaði dagurinn jafnframt upphaf alþjóðlegs umferðaröryggisárs.

Í tilefni af alþjóðaheilbrigðisdeginum í ár tók samstarfs- hópur opinberra aðila, fyrirtækja og félagasamtaka saman skýrsluna „Afbrot í umferðinni, skýrsla 2004“

Í skýrslunni er kastljósinu beint að afbrotamanninum í umferðinni og afleiðingum afbrotanna, hvort heldur er fyrir einstaklinginn eða samfélagið sem heild. Þetta efni er alls ekki

valið af handahófi enda benda rannsóknir til þess að að flest alvarleg slys og banaslys í umferðinni verði vegna einhvers konar brota á umferðarlögum. Vonast er til að skýrslan gefi heildstæða og raunsanna mynd af eðli og umfangi umferðarlagabrota og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Ennfremur er vonast til að skýrslan veki öikumenn til umhugsunar um hversu löghlýðnir þeir eru í umferðinni.

Skýrsluna má skoða í heild á heimasíðu Vegagerðarinnar: [vegagerdin.is](http://www.vegagerdin.is) (PDF skjal 929 kB)

Tenging er af fréttalista á forsiðu en einnig má slá inn slóðina: [http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferdarafbrot.pdf/\\$file/umferdarafbrot.pdf](http://www.vegagerdin.is/vefur2.nsf/Files/umferdarafbrot.pdf/$file/umferdarafbrot.pdf)

*Hér á eftir fara tveir fyrstu kaflar skýrslunnar.*

### Afbrot í umferðinni, skýrsla 2004

#### 1. Inngangur

Á hverju ári stendur Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (World Health Organization – WHO) fyrir alþjóðlegum heilbrigðisdegi og í ár er hann helgaður umferðaröryggismálum. Af því tilefni var samstarfshópi fjölmargra aðila sem starfa með einum eða öðrum hætti að umferðaröryggismálum hér á landi komið á laggirnar.

Í hópnum eru fulltrúar eftirfarandi stofnana, fyrirtækja og samtaka: Bindindisfélag öikumanna, Félag íslenskra bifreiðaeigenda, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, Landlækniseimbættið, Landsamband íslenskra akstursíþrótta, Lýðheilsustöð, Neyðarlínan, Rannsóknarnefnd umferðarslysa, Rauði kross Íslands, ríkislögreglustjórnin, Samband íslenskra tryggingafélaga, samgönguráðuneytið, Sjóvá-Almennar, Slysavarnafélagið Landsbjörg, slysavarnaráð, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Tryggingamiðstöðin, Umferðarráð, Umferðarstofa, Vegagerðin, Vinnueftirlit ríkisins, VÍS og Ökukennarafélag Íslands. Það heyrir til tíðinda að allir þessir aðilar skuli nú taka höndum saman í því skyni að vekja athygli á umferðaröryggismálum. Vonandi verður framhald á þessu samstarfi. Í raun markar 7. apríl upphaf heils árs sem helgað verður umferðaröryggismálum hjá öllum samstarfsaðilum.

Samstarfshópurinn ákvað að nota daginn til að vekja athygli á umferðarlagabrotum og afleiðingum þeirra hvort heldur er fyrir heilsu landsmanna eða fjárhag. Í því skyni hefur þessi skýrsla verið tekin saman þar sem safnað er á einn stað tölfræði og öðrum upplýsingum um málaflokkinn. Er það von okkar að með því megi gefa heildstæða og raunsanna mynd af eðli og umfangi umferðarlagabrota og afleiðingum þeirra fyrir íslenskt samfélag. Ennfremur er vonast til að skýrslan veki öikumenn til umhugsunar um hversu löghlýðnir þeir sjálfir eru í umferðinni. Flestir hafa einhvern tíma gerst brotlegir við umferðarlögin hvort sem það er af ásetningi, gáleysi eða vankunnáttu.

Samt sem áður líta fæstir á sig sem afbrotamenn og finnst jafnvel ekkert tiltökumál að brjóta umferðarlögin. Sannleikurinn er samt sá að umferðarlagabrot er langstærsti einstaki brotaflokkurinn á málaskrá lögreglu og afleiðingar þeirra kosta samfélagið gífurlegar fjárhæðir, að ekki sé talað um þau heilbrigðisvandamál sem þeim fylgja, meiðsl á fólki, örkuml og dauða.

Við gerð skýrslunnar var upplýsinga aflað víða, einkum í öðrum skýrslum, rannsóknum og könnunum sem gerðar hafa verið á undanförunum árum. Meðal þeirra rita sem liggja til

grundvallar eru Afbrotatölfræði 2002 (ríkislögreglustjórnin, 2003), Þróun afbrota 1999-2002 (ríkislögreglustjórnin, 2003), Skýrsla um umferðarslys á Íslandi árið 2002 (Umferðarstofa, 2004), Banaslys í umferðinni 2002 (Rannsóknarnefnd umferðarslysa, 2003), Aksturshættir ungra öikumanna á Íslandi (Sjóvá-Almennar, 2003), Kostnaður vegna umferðarslysa á Íslandi (Landlækniseimbættið o.fl., 1998) og Bílbeltanotkun öikumanna á þjóðvegum landsins (Slysavarnafélagið Landsbjörg og Umferðarstofa, 2003). Þeir fjölmörgu aðilar sem lögðu til efni í skýrsluna eiga þakkir skildar fyrir framlag sitt og gott samstarf.

#### 2. Helstu niðurstöður

Umferðarlagabrot í málaskrá lögreglu voru 64.068 árið 2003 eða 72,6% af öllum skráðum brotum. Þar af voru hraðakstursbrot 25.285 eða 39,4% af öllum umferðarlagabrotum. Hefur skráðum hraðakstursbrotum fjölgað mjög á undanförunum árum og má m.a. rekja þá fjölgun til aukinnar notkunar á eftirlitsmyndavélum.

Samkvæmt athugunum Vegagerðarinnar á þróun hraða á þjóðvegum á tímabilinu 1990-2003 hefur meðalhraðinn aukist á þessu tímabili þó að öikumenn virðist aðeins vera farnir að hægja á sér á síðustu þremur árum. Ennfremur sýna umferðargreinar Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar að bil á milli bíla er í mörgum tilfellum alltof stutt.

92% bílstjóra nota öryggisbelti á þjóðvegum landsins og er beltanotkun almennt betri þar en í þéttbýli þar sem hún er að meðaltali 80% en fer á sumum stöðum allt niður í rúm 50%. Beltanotkun á þjóðvegum er mest á sunnudögum eða 94% en minnst á miðvikudögum eða 89%. Tæplega 20% þeirra öikumanna og farþega sem létust í umferðarslysum árið 2002 notuðu ekki bílbelti.

Ýmislegt bendir til að dregið hafi úr ölvunarakstri á undanförunum árum. Eftir fjölgun ölvunarakstursbrota á milli áruna 1999 og 2000 (úr 1.959 í 2.482) hefur þeim fækkað á síðustu þremur árum og voru 1.757 árið 2003 (skv. bráðabirgðatölum). Þá fækkaði ölvuðum öikumönnum sem valda meiðslum eða dauða í umferðinni úr 61 árið 1998 í 42 árið 2002. Síðast en ekki síst hefur fjöldi 17-20 ára öikumanna sem segjast hafa ekið ölvaðir lækkað mjög á síðustu árum. Árið 1996 sögðust 49% hafa ekið ölvaðir en 20% árið 2002. Akstur undir áhrifum áfengis eða lyfja er engu að síður enn þá ein af þremur algengustu orsökum banaslysa í umferðinni ásamt hraðakstri og vannotkun á öryggisbeltum. Ennfremur eru svefn og þreyta algeng orsök banaslysa í umferðinni sem og að biðskylda er ekki virt.



Framkvæmdir við göng undir Almannaskarð eru hafnar fyrir nokkru. Verktaki er Héraðsverk ehf. og Leonhard Nilsen og Sønner AS. GeoTek ehf. sér um eftirlit. Verið er að grafa frá stafni að sunnanverðu og setja upp vinnuádstöðu. Einnig er verið að plægja niður rafstreng fyrir svæðið. Myndirnar voru teknar 14. apríl sl.

Helstu orsakir alvarlegra slysa í umferðinni eru mannleg mistök af ýmsu tagi en ekki ytri aðstæður svo sem færð, birta, ástand umferðarmannvirkja eða ökutækis. Til að renna frekari stoðum undir þá kenningu má benda á að flest banaslys í umferðinni verða við bestu aðstæður þegar hjart er úti (65%), færðin góð og vegurinn þurr (49%).

Samkvæmt könnun á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn í bílum sem gerð var árið 2003 reyndust 6% barna vera laus í bílum, 12% notuðu eingöngu bílbelti (sem er alls ekki fullnægjandi öryggisbúnaður fyrir lítil börn) og 82% notuðu viðeigandi öryggisbúnað. Enn fremur sátu 29 börn í framsæti bíla andspænis uppblásanlegum öryggispúða og voru því í lífshættu. Þrátt fyrir allt er þetta einn besti árangur sem náðst hefur frá því farið var að gera kannanir á notkun öryggisbúnaðar fyrir börn árið 1996.


Á árunum 1995-2002 sátu að meðaltali 16,8% fanga í fangelsum landsins vegna umferðarlagabrota. Það eru að meðaltali 49 fangar á ári. Að auki sinntu að meðaltali tæplega 60 manns samfélagsþjónustu á hverju ári vegna umferðarlagabrota frá 1995- 2003.

Samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir árið 2003 voru gefnir út 14.355 staðfestir refsipunktur vegna umferðarlagabrota það ár. Þar af fengu karlar 10.992 punkta en konur 3.363. Mun færri voru sviptir ökuréttindum árið 2003 á grundvelli

punktafjölda en árið á undan eða 72 (2002 voru 148 sviptir ökuréttindum af þessum sökum). Af þessum 72 einstaklingum voru 68 karlar og 4 konur. 67% þeirra sem voru sviptir ökuréttindum vegna punktafjölda voru 20 ára eða yngri.

Talið er að árlegur kostnaður vegna umferðarslysa og óhappa nemi allt að 20 milljörðum króna hér á landi eða að meðaltali um 268.000 krónum á hverja fjögurra manna fjölskyldu. Um helmingur þessa kostnaðar (8-10 milljarðar) kemur til vegna banaslysa og annarra umferðarslysa sem valda alvarlegum meiðslum. Til samanburðar má benda á að fyrir 20 milljarða króna mætti reka Háskóla Íslands og alla framhaldsskóla landsins í eitt ár.

Frá 1996-2001 voru skráð umferðaróhöpp hjá tryggingafélagunum rúmlega 99 þúsund eða um 16.500 á ári. Tæplega 206.000 bílar skemmdust í þessum óhöppum eða tæplega 34.000 á ári. Á þessu tímabili slösuðust um 14.000 einstaklingar í umferðarslysum eða tæplega 2.350 á ári. Tryggingafélögin könnuðu sérstaklega hversu margir hlutu varanlegan skaða og reyndust þeir vera að minnsta kosti 4.249 eða um 708 á ári. Þess skal getið að óvíst er um afleiðingar slysa hjá 2.700 einstaklingum (450 á ári) en könnunin leiddi í ljós að nokkur slys voru enn óuppgerð og því óvíst um varanlegar afleiðingar þeirra. Átti það einkum við um slys sem áttu sér stað síðustu tvö árin sem könnunin nær til.



Staða framkvæmda við Fáskrúðsfjarðargöng 26. apríl 2004. Samtals er búið að sprengja 3.991 m sem gerir 70,1%.

## Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvara-  
laust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdadeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

| Fyrirhuguð útboð  | Auglýst:<br>dagur, mánuður, ár |
|---|--------------------------------|
| 04-048 Borgarfjarðarbraut (50), um Kleppjárnreyki, öryggisaðgerðir                  | 04                             |
| 04-043 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut, eftirlit                         | 04                             |
| 04-044 Hringvegur (1), hringtorg við Norðlingavað                                   | 04                             |
| 04-045 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, malbik                                     | 04                             |
| 04-046 Yfirlagnir á Suðvestursvæði 2004, klæðing                                    | 04                             |
| 04-037 Vetrarþjónusta Sauðárkrókur - Blönduós - Sauðárkrókur og Varmahlíð - Norðurá | 04                             |
| 04-039 Hringvegur (1), Víkurvegur - Skarhólabraut                                   | 04                             |
| 04-041 Reykjanesbraut (41), breikkun, Kaplakriki - Lækjargata                       | 04                             |
| 04-004 Útnesvegur (574), Gröf - Arnarstapi  | 04                             |
| 04-006 Hringvegur (1) um Norðurárdal í Skagafirði 2004-2005                         | 04                             |
| 04-003 Hringvegur (1), Gljúfurá - Brekka, 1. áfangi                                 | 04                             |
| 04-023 Óshlíð, snjóflóðaskápar  | 04                             |
| 04-016 Grenivíkurvegur (83), snjóastaðir  | 04                             |
| 04-008 Vatnsnesvegur (711) um Hamarsá 2004  | 04                             |
| 04-029 Mölbúður með malarðreifara á Norðurlandi eystra 2004                         | 04                             |
| 04-018 Ólafsfjarðarvegur (82) á Lágheiði, Fjarðará - sýslumörk                      | 04                             |
| 04-007 Þverárfjallsvegur (744), um Gönguskarðsá 2004-2005                           | 04                             |
| 04-009 Vatnsdalsvegur (722), Hvammur - Steinkot 2004-2005                           | 04                             |
| 03-090 Hringvegur (1), gatnamót við Skeiðaveg (30)                                  | 04                             |
| 02-015 Hringvegur (1) við Hellu   | 04                             |
| 03-095 Mjóafjarðarvegur (953) um Klifbrekku   | 04                             |
| 00-054 Hallsvegur (432), Fjallkonuvegur – Víkurvegur                                | 04                             |
| 03-084 Hringvegur (1), Svinahraun - Hveradalabrekka                                 | 04                             |
| 03-092 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki, eftirit                    | 04                             |
| 03-009 Reykjanesbraut (41), Fífuhvamsvegur - Kaplakriki                             | 04                             |
| 03-010 Kjósarskarðsvegur (48), endurbygging 2. áfangi                               | 04                             |

| Útboð sem hafa verið auglýst                                     | Auglýst: | Opnað:   |
|--|----------|----------|
| 04-028 Klæðingar á Norðurlandi eystra 2004                       | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-047 Vetrarþjónusta, Djúpvegur: Súðavík - Látur 2004-2007      | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-017 Hlíðarfjallsvegur (837) um Hlíðarbraut, hringtorg         | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-005 Efnisvinnsla á Norðurlandi vestra 2004                    | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-012 Landgræðsla á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004-2005 | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-034 Yfirlagnir og styrkingar á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004   | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 03-080 Hjaléið í Reyðarfirði, 2. áfangi                          | 03.05.04 | 18.05.04 |
| 04-014 Klæðingar á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum 2004        | 26.04.04 | 11.05.04 |

| Útboð sem hafa verið auglýst, frh.   | Auglýst: | Opnað:   |
|--|----------|----------|
| 04-013 Mölbúður með malarðreifara á Norðurlandi vestra 2004-2005           | 26.04.04 | 11.05.04 |
| 03-033 Ólafsfjarðarvegur (82), um Hörgá                                    | 26.04.04 | 18.05.04 |
| 04-042 Svalbarðseyrarvegur (830), vegamót við Hringveg                     | 19.04.04 | 04.05.04 |
| 04-011 Hegranesvegur (764), Sauðárkrókur - Helluland 2004                  | 19.04.04 | 04.05.04 |
| 04-002 Hálsasveitarvegur (518), Stóri-Ás - Húsafell                        | 19.04.04 | 04.05.04 |
| 04-010 Efríbyggðarvegur (751), Álfgeirsvellir - Skagafjarðarvegur 2004     | 19.04.04 | 04.05.04 |
| 03-017 Norðfjarðarvegur (92), Sómastaðir - Hólmar og tenging að álvershöfn | 19.04.04 | 04.05.04 |

| Útboð á samningaborði   | Auglýst: | Opnað:   |
|---|----------|----------|
| 04-036 Brú á Víðidalsá hjá Kologili - sandblástur og málun                                | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-038 Sláttur vegsvæða á Suðvestur-svæði 2004-2005                                       | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-040 Vetrarþjónusta Brjánslækur - Bíldudalur og bleyting í Barðastrandarsýslu 2004-2007 | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-015 Yfirborðsmerkingar, sprautuplast 2004-2005   | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-019 Brekkuselsvegur (8009), Böggvisbraut - Brekkusel                                   | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-035 Yfirlagnir á Austurlandi 2004  | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-033 Efnisvinnsla á Suðurlandi (Suðursvæði) 2004  | 05.04.04 | 20.04.04 |
| 04-025 Snjómokstur og hálkuvörn á suð-vesturhluta Suðursvæðis 2004-2009                   | 22.03.04 | 20.04.04 |
| 04-026 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar, eftirlit                                       | 08.03.04 | 06.04.04 |
| 04-022 Efnisvinnsla á Vestfjörðum 2004  | 15.03.04 | 30.03.04 |
| 04-031 Malbikun á Ísafirði 2004   | 08.03.04 | 30.03.04 |
| 03-091 Laugarvatnsvegur (37), brú á Brúará  | 01.03.04 | 23.03.04 |
| 01-017 Nesbraut (49), færsla Hringbrautar   | 01.03.04 | 30.03.04 |
| 04-020 Drangsnesvegur (645), Skáruklettanes - Fiskines                                    | 23.02.04 | 09.03.04 |
| 04-027 Mjóafjarðarferja 2004-2006   | 22.03.04 | 06.04.04 |

Tilboði hafnað

## Auglýsingar útboða

### Vetrarþjónusta, Djúpvegur (61), Súðavík - Látur 2004-2007 04-047

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í snjómokstur innan ramma marksamnings á Djúpvegi (61) frá Súðavík að Látrum í Mjóafirði í Ísafjarðardjúpi.

Helstu magntölur (miðast við eitt ár) eru:

Snjómokstur með vörubifreið . . . . . 17.000 km

Verki skal að fullu lokið 30. apríl 2007.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka), frá og með 3. maí 2004. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 18. maí 2004 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.